



Verulegt launaskrið á vinnumarkaði

Launavísitalan hækkaði um 0,4% milli apríl og maí samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,5%, sem er svipaður árstaktur og í síðasta mánuði.

Launavísitalan hækkaði um 3,7% í janúar vegna áfangahækkana í kjarasamningum og hefur nú hækkað um samtals 5,1% á fyrstu fimm mánuðum ársins. Ekki hefur verið um almennar launahækkunar áætlanir að ræða samkvæmt kjarasamningum síðan í janúar og kjarasamningsbundnar hækkunar verða ekki aftur fyrir en í janúar 2022. Út frá því hefði mátt ætla að launaþróun væri á rólegum nótum um þessar myndir og staðan yrði þannig út árið. Síðustu fjóra mánuði hefur launavísitalan hækkað að meðaltali um 0,34% á mánuði án þess að áfangahækkunar kjarasamninga hafi komið til. Það samsvarar 4,2% breytingu á einu ári. Það má því segja að launaskrið á vinnumarkaðnum sé rúmlega 4% á einu ári.

Kaupmáttur launa lækkar en þó áfram nálægt hæstu hæðum

Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,4% milli maímánaða 2020 og 2021. Launavísitalan hækkaði um 7,5% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára var 3%.

Kaupmáttur launa er því áfram mikill í sögulegu samhengi þrátt fyrir töliverða verðbólgu á síðustu mánuðum. Kaupmáttarvísitalan lækkaði eilítið frá því í janúar og var kaupmáttur launa í maí 0,9% lægri en í janúar, en þá var kaupmáttur í sögulegu hámarki.

Opinberi markaðurinn hækkar meira


Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópnum á vinnumarkaðnum frá 1. ársfjórðungi 2020 fram til sama tíma 2021 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 8,6% á þessum tíma og um 15,9% á þeim opinbera, 13,7% hjá ríkinu og 18,4% hjá sveitarfélögunum. Mæld launavísitala hækkaði um 11,2% á sama tíma.

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launabreyting og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Opinberi markaðurinn hefur þannig verið leiðandi í launabreytingum á þessum tíma, enda voru kjarasamningar gerðir mun seinna á opinbera markaðnum en á þeim almenna.

Launabreytingar starfsstétta

Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun verkafólks mest, eða um 13,5% milli ára á 1. ársfjórðungi. Laun stjórnenda hækkuðu minnst, eða um 4,6%. Launavísitalan hækkaði um 11,2% á tímabilinu þannig að einungis laun verkafólks hafa hækkað meira en meðaltalið og laun annarra starfsstétta minna, sérstaklega stjórnenda. Stór hluti hækkunar launavísitölunnar er því á opinbera markaðnum.

Laun í atvinnugreinum

Meðal atvinnugreina á almenna markaðnum hækkuðu laun á 1. ársfjórðungi mest milli ára í veitustarfsemi, um 12,7%, og áberandi minnst í fjármála- og váttryggingastarfsemi, 5%. Tekjur eru almennt hærri í fjármála- og váttryggingastarfsemi þannig að krónutölhækkarnir kjarasamninga verða almennt lægri þar en í öðrum greinum.

Áhrif vinnutímabreytinga


Hluti ákvæða um styttingu vinnutíma í kjarasamningum frá árunum 2019 og 2020 teljast ígildi launabreytinga. Frá nóvember 2019 til og með maí 2021 hefur launavísitalan hækkað um 13,0%, en metin hækkun Hagstofunnar án áhrifa af styttingu vinnutíma er 11,6%. Áhrif vinnutímastyttingar eru því 1,4 prósentustig af hækkun launavísitölunnar, eða um 11% af breytingunni.

Í janúar 2020 voru áhrif vinnutímastyttingar á launavísitölu um 0,6 prósentustig vegna styttingar vinnutíma á almenna markaðnum. Í janúar 2021 voru áhrifin um 0,4 prósentustig vegna styttingar vinnutíma dagvinnufólks í opinbera geiranum. Bráðabirgðamat Hagstofunnar á áhrifum vinnutímastyttingar vaktavinnufólks í opinbera geiranum í maí 2021 á launavísitöluna er um 0,1 prósentustig, en það mat kann að breytast.

Tiltölulega miklar breytingar


Að öllu þessu sögðu er niðurstaðan sú að launabreytingar nú um stundir eru meiri en ætla mætti vegna stöðunnar í hagkerfinu.

Launabróun hópa á vinnumarkaði á 1. ársfjórðungi 2021




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launabróun eftir starfsstéttum - breyting á 1. ársfj. 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launabróun eftir atvinnugreinum - breyting á 1. ársfj. 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.